

Áveitan

7. tbl. 6. árgangur. Júlí 2012

Kerl, Kerl, Kerlingafjöll...!!

Ákveðið hefur verið að fara í gönguferð inn í Kerlingafjöll helgina 21-22 júlí. Lagt verður af stað frá Þjórsárveri kl. 9 á laugardagsmorgninum þar sem sameinað verður í bíla og keyrt uppúr.

Planið er að ganga á laugardeginum um Hveradalina og upp á Snækoll, grilla um kvöldið og gista í tjaldi um nóttina. Síðan verður farið í stutta óvissugöngu á sunnudeginum áður en við keyrum aftur heim. Ferðin mun kosta um 5000 kr en þar er innifalin grillmatur um kvöldið, bensínpeningur og gistikostnaður. Fólk þarf síðan að taka með sér annað nesti til að hafa á daginn.

Mikilvægt er að vera vel klæddur og undirbúinn undir hið besta og versta þegar kemur að veðri og miðað er við að göngugarpar sé komnir yfir fermingu. Einnig má ekki gleyma að taka með sér sundföt þar sem á svæðinu eru heitar laugar sem gott væri að skella sér í eftir langan dag á göngu. Hægt er að lesa sér meira til um svæðið á heimasíðu þeirra kerlingafjoll.is Þanta þarf hjá Laufeyju í síma 661- 1239 eða með því að senda póst á lae@hi.is.

Allir eru velkomnir, óháð félagi! Vonumst til að sjá sem flesta! :)

Umf. Vaka



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra:

Kjör oddvita og varaoddvita Flóahrepps 2012-2014

Kosning um oddvita og varaoddvita 2012-2014 fór fram á fundi sveitarstjórnar 6. júní s.l.

Aðalsteinn Sveinsson var endurkjörinn oddviti og Árni Eiríkson varaoddviti.

Kosning oddvita og varaoddvita gildir til loka kjörtímabilsins 2010-2014 samanber ný sveitarstjórnarlög.

Núvirði framkvæmda við Flóaáveitu

Gestum á afmælishátíð Flóaáveitunnar þann 1. júní s.l. var gefinn kostur á að spreyta sig á að giska á núvirði framkvæmda vegna Flóaáveitunnar sem kostuðu rúma eina milljón kr. á árunum 1922-1927. Samkvæmt útreikningum sérfróðra nemur núvirði framkvæmdanna 350 milljón kr. Um 300 tillögur bárust og voru þær flestar töluvert hærrí en reiknimeistarar töldu. Svanur Bjarnason umdæmisstjóri Vegagerðarinnar á Selfossi var getspakastur en hans tillaga hljóðaði upp á 350 milljón kr. Hann hlaut í verðlaun gistingu á Hótel Selfossi fyrir tvo ásamt þriggja rétta kvöldverði og morgunmat. Hann fékk einnig tvö bindi af sögu Mjólkurbús Flóamanna. Hótel Selfoss og Mjólkursamsalan gáfu vinninga.

Ráðning skólastjóra

Eins og flestum er nú kunnugt að þá hefur verið samþykkt að ráða Guðmund Frey Sveinsson sem skólastjóra Flóaskóla.

Guðmundur hefur starfað sem aðstoðarskólastjóri í Vatnsendaskóla frá árinu 2007.

Áður starfaði hann sem umsjónarkennari á unglingsstigi í Snælandsskóla í Kópavogi frá 2003-2007.

Hann er stjórn málafræðingur frá HÍ, með uppeldis- og kennsluréttindi frá KHÍ og MPA í opinberri stjórnsýslu.

Guðmundur er kvæntur Guðrúnu Birnu Kjartansdóttur og eiga þau þrjú börn. Þau hyggjast flytja í Skólatröð nú í sumar.

Vinnuskólinn

Unglingar í vinnuskóla sveitarfélagsins hófu störf 4. júní s.l. undir stjórn þeirra Örvars Hlíðdal og Birgittu Sigurðardóttur.

Unglingarnir vinna frá kl. 9:00-16:00 mánudaga til fimmtudags og mun vinnu þeirra ljúka 19. júlí.

Þau hafa nú þegar áorkað heilmiklu til fegurunar og snyrtingar í sveitarfélaginu og má sem dæmi nefna að þau hafa gengið með helstu vegum sveitarfélagsins og týnt rusl, verið í málningarvinnu og margt fleira.

Þakkir

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar rekstrarstjórn, húsvörðum félagsheimila og öllum þeim fjölmörgu sem komu að undirbúningi og vinnu við Fjör í Flóa fyrir góða vinnu og vel heppnaða helgi.

Auglýsingar

Skrifstofa Flóahrepps verður lokuð í sumar frá 9. júlí til og með 20. júlí vegna sumarleyfa starfsmanna.
Sveitarstjóri

Sláttur fyrir eldri borgara og öryrkja

Vinnuskóli Flóahrepps mun bjóða upp á slátt við heimahús fyrir eldri borgara og öryrkja í sumar til 18. júlí. Gjald fyrir slátt á gördum er 21,00 kr. pr/fm en ellilífeyris- og örorkuþegar fá 75% afslátt af gjaldi.

Pantanir eru teknar niður í síma 480-4370 frá kl. 9:00 til 13:00 alla virka daga og hjá Örvari Hliðdal í síma 823-5855 á lokunartíma skrifstofu 9. – 20. júlí.

Grenjavinnsla

Minnt er á síma hjá refaskyttu sveitarfélagsins, Birgi Erni Arnarsyni **891-8898**.

Sumarferð Kvenfélags Villingaholtshrepps

Þá er komið að sumarferðalagi Kvenfélagsins og er stefnan að þessu sinni tekin á Vestmannaeyjar þriðjudaginn 17. Júlí n.k. Við ætlum hittast í Þjórsárveri klukkan 8:00, sameinast þar í bíla og aka síðan eins og leið liggur til Landeyjarhafnar. Við skiljum bílana eftir þar og tökum stímið með Herjólfri til Eyja klukkan 10:00. Þar munum við byrja á því að fá okkur kaffisopa og fara síðan í útsýnisferð um eyjuna í rútu þar sem þaulreyndur leiðsögumaður mun segja okkur frá því sem fyrir augu ber. Að lokinni útsýnisferð munum við skella okkur út að borða og því næst er frjáls tími í miðbænum en þar ættu allir að geta fundið sér eitthvað skemmtilegt að gera hvort sem það er að skella sér í sund eða göngu, skoða söfn, verslanir og margt fleira.

Við siglum svo aftur til meginlandsins klukkan 17:30 og ljúkum góðri ferð með kvöldverði í Rangárvallarsýslunni.

Skráning í ferðina er hjá Hallfríði í síma 845-9719 eða á netfangið Lyngh@emax.is fyrir 8. júlí n.k. Það er nauðsynlegt að skrá sig í ferðina svo hægt sé að kaupa miðana í Herjólf fyrirfram. Þær konur sem skráðu sig á vörfundinum eru beðnar um að staðfesta skráninguna. Sjáumst sem flestar.

Skemmtinefndin

.Unglingalandsmót UMFÍ

Selfossi 3.-5. ágúst 2012

Unglingalandsmót UMFÍ er fjölskylduhátíð þar sem unglungum á aldrinum 11-18 ára gefst kostur á að taka þátt í fjölbreyttri íþróttakeppni. Ýmiskonar afþreying er einnig í boði fyrir eldri og yngri gesti og á kvöldin verða glæsilegar kvöldvökur og böll í risatjaldi, að ógeymdri risaflugeldasýningu lokakvöldið. Keppendur greiða eitt keppnisgjald sem gildir sem aðgangur að mótssvæðinu og allri dagskrá mótsins, fyrir alla fjölskylduna. Skráning á mótið og allar nánari upplýsingar eru á heimasíðu mótsins www.ulm.is

Keppnisgreinar eru þessar:

Dans	Körfuknattleikur
Fimleikar	Motocross
Starfsíþróttir (upplestur og stafsetning)	Skák
Sund	Golf
Frjálsar íþróttir	Glíma
Hestaíþróttir	Taekwondo
Knattspyrna	Íþróttir fatlaðra

Skráningarfrestur er til miðnættis sunnudaginn 29. júlí

Fjölmennum á unglungalandsmót!!

Fréttir frá Krakkaborg

Kæru sveitungar

Í júní var margt um að vera hjá okkur í Krakkaborg. Þann 1. júní höfðum við opið hús í tengslum við Fjör í Flóa en þá gafst fólki tækifæri til að skoða leikskólann okkar og sjá börnin við leik og störf. Einnig var myndlistasýning barnanna til sýnins þennan dag.

Sumarferðir leikskólans voru 6.júní en þá fóru elstu börnin í útskriftarferð að Úlfjótuvatni. Þar fóru þau m.a. í ratleik og fleiri leiki, skoðuðu svæðið og léku sér í leiktækjunum, fengu grillaðar pylsur og skemmtu sér vel. Strumpar og yngri Tígrar fóru í sína sumarferð að Kolsholti þar sem þau léku í skóginum, fóru í hellaferð, fengu grillaða hamborgara og kíktu á dýrin svo eitthvað sé nefnt. Bangsar fóru í stutta ferð út fyrir leikskólann á fina vagninum sínum og borðuðu nesti úti. Þetta voru sérlega vel heppnaðar ferðir hjá okkur og færum við heimilisfólkinu í Kolsholti og Jaðarkoti kærlega fyrir að taka svona vel á móti okkur.

Þann 13.júní kom slökkviliðið í heimsókn til okkar. Það var nú aldeilis gaman þar sem öll börnin fengu að prufa að sprauta úr stóru brunaslöngunni ásamt því að fræðast um störf slökkviliðsins. Elstu börnin fengu viðurkenningarskjöl fyrir verkefnið Logi og Glóð sem þau hafa unnið að í vetur í samstarfi við slökkviliðið. Einnig héldum við íþróttadag 13. júní en þá skiptu börnin sér niður á nokkrar stöðvar þar sem þau æfðu sig m.a. í langstökki og fóru í ýmsa leiki. Allir fengu viðurkenningarskjöl fyrir þátttökuna á eftir.

27.júní var hjóladagur hjá okkur en þá komu börnin með hjóla og hjálma að heiman sem þau fengu að nota hér í leikskólanum. Voru útbúnaðar brautir á planinu við leikskólann sem þau skiptust á að hjóla á. Það er alltaf gaman að fá að koma með hjólið sitt í leikskólann og fá að hjóla aðeins út fyrir leikskólalóðina.

Námssvið leikskólans færur við að mestu út í sumar og þá vinnum við hin ýmsu verkefni úti í garðinum okkar og í nágrenni leikskólans. Höfum við verið að mála, búa til hljóðfæri, smíða, fara í leiki og göngutúra, hlúa að matjurtagarðinum okkar og fleira skemmtilegt. Á heimasíðu leikskólans má sjá fréttir og myndir af starfinu okkar en slóðin er <http://leikskolin.is/krakkaborg>.

Krakkaborg er svo kominn í sumarfrí frá og með 2. júlí og opnum við aftur þann 7. ágúst.

Með kærri sumarkveðju úr Krakkaborg.

Þjótandi– úrslit af íþróttamótum

Aldursflokkamót HSK 16. júní 2012 í Þorlákshöfn

Þjótandi varð í 4. sæti á mótinu með 75,5 stig, flottur árangur hjá krökkunum!

Stúlkur 13 ára	Grein	árangur	Sæti
Sunna Skeggjadóttir	100m hlaup	15,30 sek.	4.
	Kúluvarp	8,43 m.	2.
	Langstökk	4,12 m.	4.
	Hástökk	1,15 m.	4.-5.
	Spjótkast	20,38 m.	2.
Eyrún Gautadóttir	Langstökk	3,83 m.	6.
	Hástökk	1,20 m.	3.
	Spjótkast	12,53 m.	4.
	800m hlaup	2:55,47mín.	2.
Piltar 12 ára	80 m. grind	16,49 sek.	4.
	Stefán Narfi Bjarnason	60m. hlaup	9,85 sek.
Stefán Narfi Bjarnason	Kúluvarp	7,77 m.	1.
	Langstökk	3,84 m.	2.
	Hástökk	1,15 m.	4.
	Spjótkast	19,99 m.	2.
	Ýmir Atlason	60m. hlaup	10,03 sek.
Ýmir Atlason	Kúluvarp	6,22 m.	4.
	Langstökk	3,55 m.	3.
	Hástökk	1,10 m.	5.
	Spjótkast	21,86 m.	1.

Héraðsleikar HSK 16. júní 2012 í Þorlákshöfn

Hnokkar 9 ára og yngri	Ár	Grein	Árangur	Sæti
Unnsteinn Reynisson	2003	langstökk	2,65m.	5.
		60m. hlaup	11,17sek.	2.
Sæþór Atlason	2004	Langstökk	3,15m.	2.
		60m. hlaup	11,02 sek.	1.
Einar Skeggjason	2004	Langstökk	2,35m.	10.
		60m. hlaup	13,40sek.	14.
Sigurjón Reynisson	2005	Langstökk	2,36m.	9.
		60m. hlaup	13,09sek.	13.
Daði Kolviður Einarsson	2005	60. m. hlaup	12,78m.	11.
Piltar 10 ára				
Dagur Fannar Einarsson	2002	Kúluvarp	5,40m.	5.
		60m. hlaup	10,06 sek.	2.
		Hástökk	0,90 m.	1.
		800m hlaup	3:04,38 mín.	1.

Héraðsmót Fullorðinna 18.-19. júní 2012 á Selfossi

Þjótandi endaði í 2. sæti í stigakeppninni með 128 stig. Karlalið Þjótanda vann sína stigakeppni með 99 stigum og einnig varð Haraldur Einarsson stigahæsti karl mótsins. Bjarni Már átti svo besta afrek mótsins með stökki upp á 14,00 metra í þristökki. Frábær árangur hjá okkar fólki og vonandi verður lið Þjótanda enn stærra á næsta móti!

	Ár	Grein	árangur	sæti
Arnar Einarsson	1996	100m. hlaup	12,57 sek.	4.
Jón Gautason	1994	Spjótkast	34,10m.	7.
		Sleggjukast	14,57m.	4.
		800m. hlaup	2:31,46 sek.	2.
		200m. hlaup	27,63 sek.	5.
Bjarni Már Ólafsson	1991	100m. hlaup	12,09 sek.	2.
		Þristökk	14,00 m.	1. (Vökumet)
		Langstökk	6,21m.	4.
		Stangarstökk	2,80m.	1.
Kristinn Þór Kristins.	1989	400m. hlaup	53,37sek.	1.
		800m. hlaup	1:58,36 sek.	1.
Rúnar Hjálmarsson	1987	Hástökk	1,70 m.	3.
		Langstökk	5,04m.	7.
		Kringlukast	32,73m.	2.
		Stangarstökk	1,80m.	4.
Haraldur Einarsson	1987	100 m. hlaup	11,90 sek.	1.
		400m. hlaup	55,40 sek.	2.
		Þristökk	13,63m.	2.
		Langstökk	6,54m.	2.
		110m. grind.	16,75sek.	1.
		200m. hlaup	23,29sek.	1.
Stefán Geirsson	1981	Kringlukast	32,67m.	3.
		Kúluvarp	10,86m.	3.
Baldur G. Tryggvason	1981	Kúluvarp	9,55m.	5.
Sunna Skeggjadóttir	1999	400m hlaup	1:16,88 mín.	3.
		100m. hlaup	15,44 sek.	10.
		Langstökk	3,75m.	13.
		200m. hlaup	31,98 sek.	4.
Eyrún Gautadóttir	1999	1500m. hlaup	6:06,22 mín.	2.
		800m. hlaup	2:54,96 mín.	3.
Guðmunda Ólafsdóttir	1989	Spjótkast	24,60m.	9.
		1500m. hlaup	6:19,45.	3.
		800m hlaup	2:56,10sek.	4.
		Kringlukast	20,00m.	6.
		Sleggjukast	14,43m.	6.
4x100m. boðhlaup karla				
Sveit Þjótanda (Haraldur, Kristinn Þór, Rúnar, Bjarni Már)			48,10 sek.	1. sæti
Sveit Þjótanda (Stefán, Markús, Jón, Sveinn Orri)			66,10 sek.	3. sæti

Unglingamót HSK 26. júní á Selfossi

Arnar Einarsson Piltar 16-17 ára

100 m hlaup	12,60 sek	1. sæti
Langstökk	4,41 m	1. sæti
Spjótkast 700 gr	30,75 m	5. sæti

Bjarni Már Ólafsson Ungkarlar 20-22 ára

100 m hlaup	12,03 sek	1. sæti
Langstökk	6,55 m	1. sæti
Kúluvarp	9,72 m	3. sæti

Jón Gautason Piltar 16-17 ára

100 m hlaup	13,56 sek	3. sæti
Spjótkast 700 gr	32,34 m	4. sæti
800 m hlaup	2:28,99 mín	1. sæti

Haraldur Einarsson

100 m hlaup	11,83 sek	Gestur
-------------	-----------	--------

Haraldur Einarsson

MÍ í fjölbrautum, 2.-3. júní á Selfossi

100 m hlaup	11,42 sek	769 stig
Langstökk	6,43 m	682 -
Kúluvarp 7,26 kg	10,24 m	500 -
Hástökk	1,70 m	544 -
400 m hlaup	51,00 sek	769 -
110 m grind	16,83 sek	642 -
Kringlukast	29,07 m	446 -
Stangarstökk	2,90 m	333 -
Spjótkast	42,91 m	484 -
1500 m hlaup	5:12,31 mín	<u>491 -</u>
		5660 stig

2. sæti

Vormót HSK 19. maí á Selfossi

110 m grind:	17,40 sek.	3. sæti
Spjótkast:	39,31 m	10. sæti

70. Vormót ÍR 7. júní á Laugardalsvelli

100 m hlaup	11,63 sek	6. sæti
Langstökk	6,32 m	1. sæti

Kastmót FH 12. júní í Kaplakrika

400m hlaup	51,95 sek	1. sæti
------------	-----------	---------

Unglingamót HSK

Bjarni Már Ólafsson

Vormót HSK, 19. maí á Selfossi

Þrístökk:	13,34 m.	1. sæti
Spjótkast:	48,41 m	7. sæti

Frá Umf. Vöku:

Sjálfböðaliða vantar á unglingslandsmót

Öllum þeir sem hafa áhuga á að starfa á unglingslandsmótinu um verslunarmannahelgina er bent á að hafa samband við formann Umf. Vöku, Guðmundu Ólafsdóttur.

Ef hagnaður verður af mótshaldinu mun hann að stórum hluta skiptast milli aðildarféлага HSK, í hlutfalli við vinnuframlag á mótinu, þannig að nú er um að gera að hópast á mótið og safna þannig tekjum fyrir félagið okkar. Bæði vantar fólk til að starfa við íþróttakeppnina sjálfa en einnig við gæslu, ruslatínslu og margt fleira.

Stjórnin

Munið sumaræfingar ungmennafélaganna:

Á þriðjudagskvöldum kl. 19-20 á íþróttavellinum við Þjórsárver. Tómas Karl Guðsteinsson þjálfar.

Á þriðjudagskvöldum kl. 20-21 í Einbúa. Rúnar Hjálmarsson þjálfar.

Ungmennafélögin

Áfangar

Þann 9. júní sl. útskrifaðist Vigdís Tinna Sigurvaldadóttir, Tjörnum, Flóahreppi með ML gráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Úrslit af 17. júnímóti Umf. Vöku

Stelpur

60 m. hlaup

1. Martha Brynjólfsdóttir 13,3 sek
2. Freyja Kristín Guðjónsdóttir 13,2 sek
3. Elizabeth Karen Guarino 12,8 sek
4. Hugrún Svala Guðjónsdóttir 20,2 sek

Langstökk

1. Martha Brynjólfsdóttir 2,51 m
 2. Freyja Kristín Guðjónsdóttir 2,45 m
 3. Elizabeth Guarino 1,17 m
 4. Hugrún Svala Guðjónsdóttir 1,19 m.
- Þóra Björk Sigurðardóttir 1,68 m

400m. hlaup

1. Martha Brynjólfsdóttir 2,04 mín.
2. Elizabeth Karen Guarino 2,05 mín.
3. Freyja Kristín Guðjónsdóttir 2,08 mín

Kúluvarp.

1. Martha Brynjólfsdóttir 4,79 m
 2. Freyja Kristín Guðjónsdóttir 4,12 m
 3. Elizabeth Guarino 3,79 m
 4. Hugrún Svala Guðjónsdóttir 1,10 m.
- Þóra Björk Sigurðardóttir 1,10 m

Strákar

60 m. hlaup

1. Ýmir Atlason 9,3 sek
2. Dagur F. Einarsson 9,6 sek
3. Sigurður J. Guarino 10,9 sek
4. Unnsteinn Reynisson 11,1 sek
5. Sæþór Atlason 11,4 sek
- 6-7. Sigurjón Reynisson 13,1 sek
- 6-7. Daði K. Einarsson 13,1 sek
8. Heinz Jóhann Brynjólfsson 13,6 sek
9. Helgi Reynisson 20,2 sek

Langstökk

1. Ýmir Atlason 3,82 m.
2. Dagur F. Einarsson 3,34 m.
3. Sæþór Atlason 3,11 m.

4. Unnsteinn Reynisson 2,92 m.
 5. Sigurður J. Guarino 2,91 m
 6. Sigurjón Reynisson 2,47 m.
 7. Pétur Þór Brynjólfsson 2,17 m.
 8. Daði K. Einarsson 2,09 m
 9. Helgi Reynisson 1,48 m
- Viktor Ingi Björnsson 2,15 m.

Kúluvarp

1. Sigurður J. Guarino 8,23 m.
 2. Ýmir Atlason 7,58 m.
 3. Pétur Þór Brynjólfsson 7,18 m.
 4. Unnsteinn Reynisson 5,61 m.
 5. Dagur F. Einarsson 5,41 m.
 6. Logi Viðarsson 5,25 m.
 7. Sæþór Atlason 4,98 m.
 8. Daði K. Einarsson 3,49 m.
- Viktor Ingi Björnsson 4,68 m.

400m. hlaup

1. Dagur Fannar Einarsson 1,22 mín
2. Ýmir Atlason 1,42 mín
3. Sæþór Atlason 1,45 mín
4. Unnsteinn Reynisson 1,56 mín.
5. Sigurjón Reynisson 2,01 mín
6. Daði K. Einarsson 2,37 mín.

Heildarstigakeppni stelpur

- Martha Brynjólfsdóttir 16 stig
Freyja Kristín Guðjónsdóttir 10 stig
Elizabeth K Guarino 10 stig
Hugrún Guðjónsdóttir 3 stig

Heildarstigakeppni strákar

- Ýmir Atlason 14 stig
Dagur Fannar Einarsson 10 stig
Sigurður J. Bogans 6 stig
Sæþór Atlason 6 stig
Unnsteinn Reynisson 4 stig
Pétur Þór Brynjólfsson 2 stig

Úrslit af 17. júní móti

17. júní mót Umf. Samhygðar fór fram á íþróttavellinum við Félagslund á 17. júní. Keppt var í 60 m hlaupi, langstökki og hringhlaupi og alls tóku 9 stúlkur og 11 drengir þátt. Að keppni lokinni fengu öll börn afhent viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna. Jón Gunnþór Þorsteinsson vann besta afrek mótsins og hlaut því 17. júní bikarinn til varðveislu þetta árið. Úrslit urðu á þessa leið:

Stúlkur	Fæðingarár	60 m	Langstökk	Hringhlaup
Arna Steinarsdóttir	2008	21,0	0,90 m	
Ásdís Eva Magnúsdóttir	2007		1,17 m	
Eva Bragadóttir	2008	29,4		
Eydís Ósk Þorgeirsdóttir	2001	14,9	2,30 m	
Kristjana Ársól Stefánsdóttir	2011	61,0		
Magnea Bragadóttir	2009	36,4	1,10 m	
Margrét Lóa Stefánsdóttir	2009	30,0		
Þórdís Inga Sigfúsdóttir	2010	41,9		
Þórunn Sturludóttir	2006	16,4	1,40 m	

Drengir	Fæðingarár	60 m	Langstökk	Hringhlaup
Ágúst Þorsteinsson	2004	13,1		
Ármann Baldur Bragason	2002	12,0	2,60 m	
Birgir Sigurðsson	2000	12,4		
Ethan Haukur Wood	2005	13,6	2,36 m	
Freyr Sturluson	2009	17,8	1,00 m	
Fróði Kristinsson	2005	13,7		
Gunnar Unnarsson	2004	11,8	2,95 m	1:37,6 min.
Ísak Ingi Tryggvason	2003	11,3		
Jón Gunnþór Þorsteinsson	1998	10,2	3,50 m	1:34,3 min
Kári Kristinsson	2001	13,1		
Þráinn Unnarsson	2002	17,9	2,03 m	

Rabarbari

Töluvert magn af rauðum og fljótunnum rabarbara fæst gefins.

Halla Kolsholti 1

Símar: 486-3310 863-4256

Timburhólagrill

Hin árlega grillsamkoma Umf. Samhygðar í skógræktarreitnum við Timburhóla verður haldin föstudagskvöldið 13. júlí. Grillið verður orðið snarkandi heitt ekki seinna en kl. 20:00. Allir velkomnir.

Umf. Samhygð

Dagskrá mánaðarins

Íþróttæfing í Þjórsárveri	3. júlí
Íþróttæfing í Einbúa	3. júlí
Skrifstofa Flóahrepps lokuð	9.-20. júlí
Íþróttæfing í Þjórsárveri	10. júlí
Íþróttæfing í Einbúa	10. júlí
Timburhólagrill	13. júlí
Sumarferð Kvenfélags Villingaholtshrepps	17. júlí
Íþróttæfing í Þjórsárveri	17. júlí
Íþróttæfing í Einbúa	17. júlí
Ganga í Kerlingafjöllum	21.-22. júlí
Íþróttæfing í Þjórsárveri	24. júlí
Íþróttæfing í Einbúa	24. júlí
Skráningu á unglíngalandsmót lýkur	29. júlí
Íþróttæfing í Þjórsárveri	31. júlí
Íþróttæfing í Einbúa	31. júlí
Unglíngalandsmót UMFÍ	3.-5. ágúst



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160